



**Varðandi:** Flóasiglingar  
**Málsnúmer:** 1501150  
**Dagsetning:** 28. janúar 2016

---


**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að auglýsa tilraunaverkefni Akraneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar um beina siglingu 50-100 manna ferju milli sveitarfélaganna sumarið 2016. Verkefnið verði skilgreint sem þróunarverkefni og standi yfir í maí – september 2016.

Ennfremur samþykkir bæjarráð að innkaupadeild Reykjavíkurborgar verði falið að vinna auglýsingu í samvinnu við Akraneskaupstað og menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. Auglýsingagögn verða lögð fyrir borgar- og bæjarráð til staðfestingar áður en verkefnið verður auglýst. Niðurstöður í skýrslu starfshóps um flóasiglingar verði lagðar til grundvallar vinnu við fyrirkomulag og forsendur auglýsingar.

---

**GREINARGERÐ:** Siglingar milli Reykjavíkur og Akraness eiga sér langa sögu. Áður en Hvalfjarðargöngin komu til sögunnar var Akraborgin helsta fólksflutningsleiðin ásamt Hvalfirðinum sjálfum. Það er mat starfshóps um flóasiglingar að hefja eigi tilraunaverkefni strax í sumar á farþegasiglingum milli Akraness og Reykjavíkur. Jafnframt er það mat starfshópsins að mikil tækifæri séu fyrir bæði sveitarfélög með fjölbreyttari samgöngum milli Reykjavíkur og Akraness. Siglingarnar myndu auka samgang milli staðanna og efla svæðið sem eitt atvinnusvæði og markaðssvæði til hagsbóta fyrir bæði sveitarfélögin.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri